

Reglugerð meistaramóts 2026

1. grein

GO gengst árlega fyrir meistaramóti í flokkum karla og kvenna, öldungaflokki karla og kvenna og unglunga/barna flokkum.

2. grein

Stjórn GO skal hafa yfirumsjón með framkvæmd mótsins og ákveður þátttökugjöld.

Formaður mótanefndar skal skipa mótsstjórn og a.m.k. skipa einn landsdómara og einn héraðsdómara við mótið.

3. grein

Mótsstjórn ákveður staðarreglur, af hvaða teigum skuli leikið og jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar, holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fella niður og eða fresta umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisáskilningar skulu vera auglýstar á heimasíðu og vera sýnilegar í golfskála.

4. grein

Leika skal eftir reglum Royal and Ancient Golf Club og St. Andrew's og eftir almennum staðarreglum um hegðun á Urriðavelli,

sjá hér <https://www.oddur.is/wp-content/uploads/2022/06/almennar-stadarreglur-um-hegdun.pdf>

Ef tveir eða fleiri leikmenn í verðlaunasætum í högggleik verða jafnir í sínum flokki skal leika bráðabana. Þar sem leikin er punktakeppni skal telja fyrst seinni níu holur, því næst sex holur, þá þrjár holur, loks eina holu, fyrst 18 því næst 17 og áfram þangað til úrslit fást með fleiri punktum á holu. Ef það dugir ekki skal hlutkesti ráða. Hlutkesti telst vera, að kasta pening eða draga úr spilum. Veita skal verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti í hverjum flokki. Mótsstjórn er heimilt að veita fleiri verðlaun í barnaflokkum.

5. grein

Mótsstjórn raðar keppendum í rástíma á fyrsta degi mótsins í hverjum flokki, hámark þrjár saman í holli og er raðað eftir hendingu (random).

Rásröð leikmanna ákvarðast síðan þannig að lægsta skor eða flestir punktar hljóta síðasta rástíma í hverjum flokki og síðan koll af kalli.

Mótsstjórn veitir engar undanþágur um rástíma eða rásröð.

6. grein

Keppt skal í eftirtöldum flokkum og leikið af eftirtöldum teigum án forgjafar í högggleik og með forgjöf í punktkeppni.

• M.fl. kvenna	• grunnforgjöf - +8 - 10,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 49
• 1. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 10,1 - 18,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 46
• 2. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 18,1 - 25,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 46
• 3. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 25,1 - 35,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46
• 4. flokkur kvenna	• grunnforgjöf - 35,1 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46

• Konur 50 +	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 46
• Konur 50 – 64 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46
• Konur 65 – 74 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46
• Konur 65 +	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 46
• Konur 75 +	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 36 holu punktkeppni	• Teigar 46

• M.fl. karla	• grunnforgjöf - +8 - 5,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 58
• 1. flokkur karla	• grunnforgjöf - 5,1 - 10,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 54
• 2. flokkur karla	• grunnforgjöf - 10,1 - 15,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 54
• 3. flokkur karla	• grunnforgjöf - 15,1 - 20,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 54
• 4. flokkur karla	• grunnforgjöf - 20,1 - 25,0	• 72 holu högggleikur	• Teigar 49
• 5. flokkur karla	• grunnforgjöf - 25,1 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46

• Karlar 50 +	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 54
• Karlar 50 – 64 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 54
• Karlar 65 – 74 ára	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 54 holu punktkeppni	• Teigar 46
• Karlar 65 +	• grunnforgjöf - 0 - 25,0	• 54 holu högggleikur	• Teigar 49
• Karlar 75 +	• grunnforgjöf - 0 - 54,0	• 36 holu punktkeppni	• Teigar 46

- Klúbbmeistarar eru sigurvegarar í meistaraflokki karla og kvenna. Aðrir eru meistarar síns flokks.
- Komi til þess að meistaraflokkur falli niður er klúbbmeistari, sigurvegari efsta flokks (lægsta forgjöf) karla og kvenna.
- Mótsstjórn er heimilt að endurskoða leikteiga og annað í samræmi við breytingar á flokkum.
- Mótsstjórn er heimilt að leyfa keppendum í 1. flokki karla og kvenna að færa sig upp í meistaraflokk þó forgjöf leikmanns sé ekki í samræmi við grunnforgjöf skv. flokkaskiptingu.
- Keppendur í meistaraflokki (efsta flokki/lægsta forgjöf) karla og kvenna er ekki heimilt að leika á golfbílum. Undanþágu má veita ef læknisvottorði er framvísað.
- Flokkar barna og unglunga falla ekki niður þó keppendur séu færri en 4, heimilt er að sameina flokka á rástímum ef það hentar skipulagi. Í barna og unglungaflokkum, er keppt í stúlknaflokk, drengjaflokk og flokki unglunga. **Rástímar í barnaflokkum á Urriðavelli verða settir inn á milli flokka eða í lok dags í skipulagi á einhverjum af þeim dögum sem sýndir er í áætlun um skipulag flokka.**

7. grein

Sé þátttaka í einstaka flokkum ekki nægilega mikil þá hefur mótsstjórn heimild til þess að sameina flokka, fella niður eða breyta forgjafarmörkum milli flokka. Viðmiðið er að ef þátttakendur eru færri en 3 í einstökum flokkum þá falla þeir flokkar niður að undanskildum flokkum barna.

Mótsstjórn er heimilt að beita sérreglu um niðurskurð í högggleikskeppni á lokadegi flokka ef þörf er á vegna fjölda. Miðað er við hámarksfjölda 21 leikmann í hverjum flokki eftir niðurskurð og mótsstjórn hefur heimild til að fækka hámarksfjölda leikmanna í flokkum ef þörf krefur í 15. Þeir sem eru jafnir seinasta sæti sem kemst í gegnum niðurskurð komast einnig áfram á lokahring. Einnig komast kylfingar áfram sem eru 10 höggum frá efsta sæti. Niðurskurður verður kynntur þegar lokað hefur verið fyrir skráningu í mótið.

Urriðavöllur					
Unglingaflokkur	U14	Stúlkur 0-40	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 46
Unglingaflokkur	U14	drengir 0-40	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 46
Unglingaflokkur	U16	Stúlkur 0-40	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 46
Unglingaflokkur	U16	drengir 0-40	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 49
Unglingaflokkur	U18	Stúlkur 0-40	3 x 18 holur	högggleikur	Teigar 46
Unglingaflokkur	U18	drengir 0-40	3 x 18 holur	högggleikur	Teigar 54
Ljúflingur					
Barnaflokkur	U10	Stúlkur 0-54	2 x 9 holur	högggleikur	Teigar 20
Barnaflokkur	U10	drengir 0-54	2 x 9 holur	högggleikur	Teigar 20
Barnaflokkur	U12	Stúlkur 0-54	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 20
Barnaflokkur	U12	drengir 0-54	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 20
Barnaflokkur	U14	Stúlkur 40,1-54	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 20
Barnaflokkur	U14	drengir 40,1-54	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 20
Unglingaflokkur	15 - 18 ára	Stúlkur 40,1-54	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 20
Unglingaflokkur	15 - 18 ára	drengir 40,1-54	2 x 18 holur	högggleikur	Teigar 20

Ath. í öllum flokkum unglunga og barna getur keppandi tekið upp boltann sinn þegar komin eru 9 högg á holu og skráð 10 á holuna.

Ofangreind skipting í barnaflokka er byggð á 2025 og íþróttastjóri GO hefur leyfi til að breyta skipulagi í samræmi við aldurskiptingu í æfingastarfi